



Dagsetning: 01.11.2019
Málsnúmer: 1911003/10.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um stöðu verkáfangna við lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð í verkefninu „Ísland ljóstengt“

Framvinda ljósleiðaraverkefna í dreifbýli á árinu 2019 eru greindar eftir verkáföngum sem hér segir.

Breiðdalur

Lagning ljósleiðara er í vinnslu. Verklok liggja ekki fyrir en ólíklegt er að verki ljúki á árinu 2019. Verkefni frestaðist fram á árið 2019 og trauðlega hefur gengið það sem af er ári. Búið er að tengja virkan hluta kerfisins við nokkra notendur. Undirbúa þarf útboð sölu kerfisins og í framhaldi af því fyrirkomulag rekstrar sem samræmis skilmálum verkefnisins. Rætt hefur verið óformlega við Mílu um aðkomu þeirra að því að innheimta línugjöld þar til búið er að ákveða fyrirkomulag rekstrar þess.

Suðurfirðir

Lagning ljósleiðara um Suðurfirði frá Stöðvarfirði í Reyðarfjörð er nánast lokið. Búið er að koma tengingu í alla tengistaði og því er kerfið tilbúið til reksturs virks hluta kerfisins.

Norðfjörður og Eskifjörður

Verkefni lýkur væntanlega á árinu 2019 með tengingu allra tengistaða. Míla hf. annast framkvæmdir og tekur yfir rekstur kerfisins. Verkáfangi út í Helgustaðahrepp hinn forna er síðasti áfangi verkefnis en eftir er að sækja styrk til Fjarskiptasjóðs vegna hans.

Mjóifjörður

Lagningu stofnstrengs frá Seyðisfirði um Brekkugjá að Brekkuborpi er að verða lokið og stefnt er að því að lokið verði tengingu í alla tengistaði á árinu. Neyðarlínan í samstarfi við Mílu hf. mun með samkomulagi við Fjarðabyggð taka yfir rekstur kerfisins.

Fáskrúðsfjörður norðurbyggð ásamt suðurbyggð Reyðarfjarðar.

Verkáfangi hefur beðið þar sem fyrir liggur að Rarik hefur áform um að leggja stofnstrengs í jörðu út að Kolfreyju og því verður samlegð með þeirri framkvæmd nýtt. Áætlanir þeirra gerðu upphaflega ráð fyrir því að farið yrði í verkið á árinu 2018 en það hefur dregist og ekki liggur fyrir hvenær þeir áforma að fara í verkið. Eftir stendur að leysa þarf fjarskiptasamband við suðurbyggð Reyðarfjarðar en þar er um að ræða 3 styrkhæfa tengistaði. Viðræður hafa verið við Mílu um styrkingu örbylgjusambands og ljósleiðaratengja þá staði en kostnaður við að tengja þá staði frá Fáskrúðsfirði er verulegur nema til komi samlegð með framkvæmdum Rarik vegna lagningu jarðstrengs um Staðarskarð. Ekki hefur verið sótt um styrk til Fjarskiptasjóðs vegna þessara verkáfangna.



Lagt er til við bæjarráð að sótt verði um styrk til þriggja verkáfanga. Lagningu ljósleiðara út frá Eskifirði og út að Breiðuvík en sá verkáfangi er þegar í vinnslu af Mílu hf. Lagningu ljósleiðara frá Fáskrúðsfirði og út í Kolfreyju með samstarfi við Rarik. Styrkingu örbylgjusambands við suðurbyggð í Reyðarfirði og ljósleiðaratengingu við tengistaði þar sem leitað yrði samstarfs við Mílu hf. og mögulega Rarik komi til þess að þeir fari í framkvæmdir á þeirri leið. Fjarskiptasjóður hefur sett þau skilyrði að verkefninu „Ísland ljóstengt“ verði lokið á árinu 2021 og þarf umsókn að vera með þeim fyrirvara að verkinu geti seinkað þar sem leitað sé samlegðar með Rarik um lagningu jarðstrengs.

Gunnar Jónsson